# Starfsáætlun embættis landlæknis 2021-2022




Embætti landlæknis
Directorate of Health

## Framtíðarsýn

Góð heilsa og vellíðan landsmanna, byggð á heilsueflingu, forvörnum, aðgengilegri og öruggri heilbrigðisþjónustu, sem styðst við bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.

## Hlutverk

Stuðla að góðri og öruggri heilbrigðisþjónustu, heilsueflingu og öflugum forvörnum.

## Gildin okkar

| Ábyrgð | Virðing | Traust |
|---|---|---|
| Við leysum verkefni sem okkur eru falin af metnaði og fagmennsku. Við bendum á það sem betur má fara. | Við berum virðingu fyrir þeim sem til okkar leita og hvert fyrir öðru með því að sýna tillitssemi, góðvild og sanngirni. | Við ávinnum okkur traust með því að veita áreiðanlega þjónustu og gæta jafnræðis í hvívetna. |




## Staðan í ársbyrjun 2021 – hjá embætti landlæknis

- Heimsfaraldur COVID-19 hafði mikil áhrif á starfsemi embætti landlæknis allt árið 2020, ekki síst sóttvarnasviðs. Verður svo áfram á þessu ári
- Í glímunni við heimsfaraldurinn hefur margvísleg þekking og reynsla orðið til hjá öllum sviðum embættisins
- Verkefnum hefur fjölgað án þess að fjárveitingar fylgi og vinnuálag aukist
- Fjárhagur embættisins er þröngur og bregðast þarf við hallarekstri
- Embættið hefur fengið jafnlaunavottun
- Áfram er unnið að þróun rafrænnar stjórnsýslu
- Verið er að stórefla verkefni á sviði rafrænna heilbrigðislausna. Í heimfaraldrinum hafa margar tæknilausnir orðið til, eða tekið stórstígum framförum
- Gögn í heilbrigðisskrám og smitsjúkdómaskrá hafa reynst ómetanleg í tengslum við faraldur COVID-19
- Endurskoða þarf ákveðna þætti laga um landlækni
- Innleiðing á áætlun um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu er hafin en enn er mikið verk framundan
- Starfsleyfaskrá hefur verið birt á vef embættisins og hefur komið að góðum notum
- Regluleg miðlun margvíslega upplýsinga og tölfræði hefur verið mikilvæg í faraldri COVID-19

## Staðan í ársbyrjun 2021 – ytri þættir

- Heimsfaraldur COVID-19, afleiðingar hans og bólusetningar hafa verið og verða áfram krefjandi viðfangsefni heilbrigðisþjónustu og lýðheilsustarfs
- Biðtími eftir tiltekinni heilbrigðisþjónustu er of langur
- Áskoranir vegna heimsfaraldurs hafa leitt til margvíslegrar nýsköpunar í verklagi og lausnum í heilbrigðisþjónustu, sem mikilvægt er að horfa til
- Breytingar á fyrirkomulagi og framkvæmd skimana fyrir krabbameinum hafa tekið gildi
- Heilbrigðisstefna liggur fyrir en skilgreina þarf frekar hlutverk og verkefni hinna ýmsu stofnana
- Mönnun í heilbrigðisþjónustu er mikil áskorun en vilji stjórnvalda er til að bæta úr
- Fjarheilbrigðisþjónusta er í sókn, nýjar áskoranir fylgja, m.a. þarf að þróa eftirlit með slíkri þjónustu
- Nýtt greiðslukerfi heilsugæslu á landsbyggðinni tók gildi í ársbyrjun 2021
- Hafinn er undirbúningur að nýju greiðslukerfi fyrir sjúkrahús sem byggir á DRG flokkunarkerfi
- Vinna við gæðavísa og gæðauppgjör hjá veitendum heilbrigðisþjónustu er framundan
- Unnið er að því að efla geðheilbrigðisþjónustu
- Ljúka þarf vinnu við stefnu í áfengis- og vímuvörnum
- Leggja þarf meiri áherslu á heilbrigðisþjónustu og heilsueflingu aldraðra
- Leggja þarf áherslu á skynsamlega notkun lyfja
- Áfram þarf að leggja áherslu á aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi

## Heilbrigðisstefna

### Áætlun

- Markviss vöktun á veitingu heilbrigðisþjónustu og ráðgjöf henni tengd
- Efla gæði og auka eftirlit með heilbrigðisþjónustu
- Auka notkun og miðlun gagna úr heilbrigðisskrám til ráðgjafar og eftirlits
- Áframhaldandi þróun og innleiðing rafrænna heilbrigðislausna

### Aðgerðir

- Áframhaldandi eftirlit með heilbrigðisþjónustu vegna COVID-19
- Vinna að innleiðingu áætlunar um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu
- Endurskoða verklag við úttektir og fjölga þeim
- Ljúka innleiðingu á miðlægu lyfjakorti
- Efla áfram rafræna þjónustu í Heilsuveru
- Þarfagreina og þróa nýja skimunarskrá
- Velja og birta lykilvísa um árangur heilbrigðisþjónustu í alþjóðlegum samanburði
- Hefja innleiðingu samræmdrar atvikaskráningar um allt land
- Auka sýnileika tölfræði á vef embættisins enn frekar
- Koma á fót miðlægum biðlista skurðaðgerða og birta stöðu einstaklinga á honum í Heilsuveru
- Fylgjast með aðgengi að áfengis- og vímuefnameðferð
- Fylgjast með gæðum og árangri krabbameinsskimana og birta tölulegar upplýsingar
- Gagnvirk birting tölulegra upplýsinga um lyfjanotkun
- Hefja þróun miðlægrar sykursýkisskrár

## Lýðheilsa

### Áætlun

- Markviss vöktun á lýðheilsu og ráðgjöf henni tengd
- Styðja sveitarfélög, skóla, vinnustaði og heilsugæslu í heilsueflandi starfi og tengja við Heimsmarkmið og Barnasáttmála SÞ
- Leggja áherslu á heildstætt mat á heilsueflandi starfi
- Miðla upplýsingum um aðgerðir sem byggja á bestu þekkingu og reynslu
- Styðja heilsueflandi starf með viðeigandi gögnum

### Aðgerðir

- Meta áhrif faraldurs COVID-19 á lýðheilsu
- Innleiða lýðheilsumat
- Undirbúa fyrirlögn rannsóknarinnar Heilsa og líðan Íslendinga 2022
- Virkja upplýsingaveitu sem inniheldur góð dæmi um heilsueflingu og forvarnir
- Fjölga lýðheilsuvísum í rafrænni, gagnvirkri birtingu
- Ljúka landskönnun á mataræði
- Halda heilsueflandi vinnustofur og fræðslufundi í heilbrigðisumdæmum
- Móta samstarf við þróunarmiðstöð heilsugæslu um heilsueflingu og stuðning við heilsueflandi móttökur
- Styðja við innleiðingu á skimun og stuttu inngripi í heilsugæslu vegna áfengisvanda
- Eftirfylgd með gátlistum fyrir heilsueflandi samfélag, vinnustaði og skóla á heilsueflandi.is
- Vinna að auknu heilsulæsi
- Stýra verkefninu *Fyrstu 1000 dagar barnsins* á Norðurlöndum
- Fylgja eftir aðgerðaáætlun um sjálfsvígsforvarnir
- Vitundarvakning um mikilvægi svefns
- Undirbúa og halda Norrænu lýðheilsuráð-stefnuna 2022

## Sóttvarnir

### Áætlun

- Áframhaldandi viðbrögð gegn heimsfaraldri COVID-19
- Tryggja aðgang að áreiðanlegum upplýsingum um smitsjúkdóma og áhættumat þeirra
- Framkvæma almennar bólusetningar og bólusetningar gegn COVID-19
- Bregðast við heilbrigðisógnum með viðeigandi hætti og í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
- Virkja heilsugæslu í útfærslu sóttvarna
- Endurskoðun viðbragðsáætlana og leiðbeininga um sóttvarnir

### Aðgerðir

- Faraldur COVID-19:
  - Áframhaldandi opinberar sóttvarnar-aðgerðir
  - Áframhaldandi útgáfa og uppfærsla leiðbeininga
  - Áframhaldandi vöktun innanlands og utan
  - Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi
  - Ljúka við að uppfæra smitrakningarskrá
  - Bólusetja
- Áframhaldandi fræðsla um sýkingavarnir til umdæmislækna og heilbrigðisstarfsfólks
- Endurskoðun viðbragðsáætlana og leiðbeininga um sóttvarnir í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
- Vinna með heilsugæslunni að aukinni þátttöku í bólusetningum
- Auka þverfaglega samvinnu um aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi
- Vinna með læknum að skynsamlegri notkun sýklalyfja
- Bregðast við aukinni útbreiðslu kynsjúkdóma

## Innra starf

### Áætlun

- Endurspegla ábyrgð, virðingu og traust í starfi embættisins
- Skilvirk stjórn fjármála
- Þróa áfram rafræna stjórnsýslu hjá embættinu
- Efla enn frekar öryggis- og gæðastjórnun
- Efla embættið enn frekar sem heilsueflandi vinnustað
- Ljúka við umhverfisstefnu

### Aðgerðir

- Vinna markvisst með gildi embættisins í daglegu starfi
- Innleiða gátlista um heilsueflingu á vinnu-staðnum
- Þarfa- og kostnaðargreina nýja heimasíðu embættisins
- Vinna að verkefnum sem tengjast betri vinnutíma
- Fylgjast með trausti almennings til embættisins
- Koma á vefgáttum og stafrænum samskiptum vegna starfsleyfa og rekstrarheimilda
- Koma á vefgáttum og stafrænum samskiptum vegna kvartana yfir heilbrigðisþjónustu og vegna alvarlegra óvæntra atvika í heilbrigðisþjónustu
- Innleiða skýjalausnir Microsoft 365
- Endurskoða og viðhalda gæða- og öryggiskerfi embættisins
- Ljúka við innleiðingu grænna skrefa í ríkisrekstri
- Gera starfsmannakannanir með reglubundnum hætti

# Árangursmat 2021-2022

| Markmið | Mælikvarði | Stöðumat | Staðan 2020 | Markmið 2021 | Markmið 2022 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Heilbrigðisstefna** | | | | | |
| Fjölga úttektum hjá eftirlitsþegum | Fjöldi úttekta | 3 x ári | 7 úttektir | 7 úttektir | 15 úttektir |
| Fjölga úttektum án heimsókna til eftirlitsþega | Fjöldi úttekta | 3 x ári | 28 úttektir hafnar | 30 úttektir | 40 úttektir |
| Innleiða fyrsta hluta áætlunar um gæðaþróun | Birting gæðauppgjöra á vef embættis landlæknis | 2 x ári | Birting gæðauppgjöra undirbúin | Ákveðin gæðauppgjör birt | Ákveðin gæðauppgjör birt |
| Innleiða miðlæga atvikaskráningu á öllum heilbrigðisstofnunum | Fjöldi heilbrigðisstofnana | 2 x ári | Aðlögun kerfis og prófanir | Innleitt á 4 stofnunum | Innleitt á 6 stofnunum til viðbótar |
| Velja og birta lykilvísa um árangur heilbrigðisþjónustu | Birting á vef embættis landlæknis | Árlega | Drög tilbúin | Allir vísar birtir | Endurskoðaðir vísar birtir |
| Auka framboð á rafrænum lausnum í heilbrigðisþjónustu fyrir almenning | Fjöldi innskráninga á *Mínar síður* á Heilsuvera.is | Árlega | 3,4 milljónir | Áfram svipað | Áfram svipað |
| Birta tölulegar upplýsingar um lyfjanotkun | Gagnvirk birting á vef embættis landlæknis | Árlega | Undirbúningur og prófanir | Gagnvirk birting á öllum lyfjaflokkum | |
| **Lýðheilsa** | **Mælikvarði** | **Stöðumat** | **2020** | **Markmið 2021** | **Markmið 2022** |
| Þróa mælaborð lýðheilsu og lýðheilsuvakt | Birting á vef embættis landlæknis | Árlega | Fyrstu 15 vísar birtir | Alls 25 vísar birtir | Allir vísar birtir, þar sem gögn leyfa |
| Fjölga heilsueflandi samfélögum, bæði hlutfallslega og raunverulegum fjölda | Hlutfall landsmanna í heilsueflandi samfélögum | Árlega | 90% | 93% | 95% |
| Halda heilsueflandi vinnustofur á landsvísu | Fjöldi vinnustofa | Árlega | 4 | 4 | 4 |
| Innleiða lýðheilsumat á áhrifum COVID-19 | Birting á vef embættis landlæknis | Árlega | Undirbúningur | Undirbúningur | Innleiðing |
| **Sóttvarnir** | **Mælikvarði** | **Stöðumat** | **2020** | **Markmið 2021** | **Markmið 2022** |
| Sýkingavarnir gegn COVID-19 | 14 daga nýgengi | Daglega | 5 per 100.000 | < en 5 | Ræðst af árangri 2021 |
| Bólusetningar gegn COVID-19 | Þátttaka | Daglega | Bólusetning ekki hafin | þátttaka 70% | Ræðst af árangri 2021 |
| Stuðla að skynsamlegri notkun sýklalyfja | Notkun – fjöldi ávísana | Árlega | Notkun minnkaði um 25% | Notkun minnki um 10% | Notkun minnki um 10% |
| Auka þátttöku í almennum bólusetningum 1 og 4 ára barna | Hlutfallsleg þátttaka | Árlega | 94% og 93% | 95% | >95% |
| Gera og æfa viðbragðsáætlanir | Fjöldi | Árlega | 2 | Æfingar og uppfærsla | Æfingar og uppfærsla |
| Vinna gegn útbreiðslu kynsjúkdóma | Fjöldi - nýgengi | Árlega | Aukning frá fyrra ári | Fækkun um 10% | Fækkun um 10% |
| **Innra starf** | **Mælikvarði** | **Stöðumat** | **2020** | **Markmið 2021** | **Markmið 2022** |
| Fylgjast reglulega með trausti almennings til embættisins | Mikið/mjög mikið traust, hlutfall | Árlega | 75% | 75% | 80% |
| Aukin starfsánægja | Hlutfall ánægðra | Árlega | 88% | 90% | 95% |
| Minni veikindafjarvistir | Veikindadagar sem % starfsdaga | 4 x ári | 5,9% | 5% | <5% |
| Vefgátt og stafræn samskipti vegna starfsleyfa og rekstraheimilda, atvika og kvartana. | Komið í gagnið | 3 x ári | Undirbúningur | Komið í gagnið | |